



HRÚTAFJARÐARLÍNA

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA LAGNINGAR RAFSTRENGS

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR OG YLFA LEIFSDÓTTIR

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2026/304



Byggðasafn
Skagfirðinga

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2026/304

Mynd á forsíðu: Garðlag [3507-1] í landi Brandagils. Mynd: Ylfa Leifsdóttir.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2026. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
SAMANTEKT	5
Viðvarandi hættumat	6
NIÐURLAG	6
FORNLEIFASKRÁ.....	7
<i>Brandagil.....</i>	<i>7</i>
<i>Staður.....</i>	<i>8</i>
HEIMILDASKRÁ	10
VIÐAUKI 1	11
Hættumat vegna framkvæmda	11
VIÐAUKI 2	12
Yfirlitskort	12

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningar rafstrengs frá Brandagili í Hrútafirði suður að Hrútatungutengivirki. Strenglögnin nær norður að Hvalshöfða en skv. kröfu minjavarðar Norðurlands vestra (bréf 17.09.2025) var ekki þörf á að skrá svæðið frá Hvalshöfða að Brandagili vestan þjóðveggar þar sem það hafði verið skráð áður. Því nær skráningarsvæði þessa verkefnis frá Brandagili austan þjóðveggar og suður að Hrútatungutengivirki eins og áður sagði. Skráningarsvæðið fer í gegnum jarðir Brandagils, Staðar, Bálkastaða og Hrútatungu. Verkið var unnið fyrir RARIK að beiðni Guðrúnar Ólafíu Brynleifsdóttur.

Fyrir lá fornleifaskráning á hluta svæðisins, en allt skráningarsvæðið var þó kannað á vettvangi þann 13. október 2025. Einar minjar höfðu verið skráðar innan svæðisins í þessari eldri skráningu: Brenda Prehal (2021). Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur sá um undirbúning og skýrslugerð, Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi sáu um vettvangsvinnu.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3507



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna, „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.


Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. hóbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat er tvennskonar í skýrslunni, annars vegar almennt hættumat, þ.e. vegna ástands minja nú eða aðstæðna í umhverfinu, og hins vegar vegna yfirvofandi framkvæmda. Hættumat vegna framkvæmda er í viðauka 1 aftast í skýrslu. Séu engar upplýsingar um almennt hættumat í fornleifaskrá eru minjarnar ekki metnar í hættu. Hættumat vegna framkvæmda er ekki tekið fram í fornleifaskrá.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1 m í skekkju: Trimble GEO7X og Trimble Juno T41/5.

Samantekt

Skráningin fór fram við góðar aðstæður þann 13. október 2025. Skráningarsvæðið var allt kannað á vettvangi og voru fjórar minjar skráðar: ein í landi Brandagils [3507-1] og tvær í landi Staðar [3507-2 og 4] auk vegar [3507-3] sem nær í gegnum lönd Brandagils og Staðar. Einar minjarnar í landi Staðar eru mógrafir [3507-2] sem voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu en eru hér endurmetnar og ekki taldar vera minjar. Færsla í fornleifaskrá er því gerð til að gera grein fyrir því endurmati.

Skráningarsvæðið var rúmlega 4 km langt og 30 m breitt (15 m til hvorrar handar frá strenglögn). Svæðið er að mestu með vegi og í óræktuðu landi, en þó nær það að hluta inn á tún í landi Bálkastaða. Hluti svæðisins er talsvert raskaður vegna seinni tíma framkvæmda.



Mynd 1. Yfirlitskort yfir skráningarsvæðið (svartar línur). Minjar eru merktar inn með númerum. Rauð lína er áætluð strenglögn.


Viðvarandi hættumat

Engar minjar voru metnar í viðvarandi hættu.

Niðurlag

Skráningarsvæðið var rúmlega 4 km langt og 30 m breitt. Skráðar voru fjórar minjar, þ.e. þrjár sem skráðar voru á vettvangi og einar minjar [3507-2] sem skráðar voru sem heimildafærsla í fornleifaskrá þar sem þær höfðu verið skráðar árið 2021 og voru nú endurmetnar og talið að ekki væri um minjar að ræða. Skráðar minjar eru allar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en þó einungis vegur [3507-3] í teljandi hættu, en einungis að litlum hluta.

Fornleifaskrá



Mynd 2. Yfirlitskort yfir skráðar minjar. Gul lína er vegur [3507-3].

Brandagil

Einar minjar voru skráðar í landi Brandagils, í útjaðri gamla túnsins.

Brandagil-3507-1

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Utan í hól neðarlega í túni Brandagils er garðlag í grasi gróinni brekku, um 115 m suðvestur af húsinu á Brandagili.

Lýsing

Garðlagið er úr grjóti og víða yfirgróið en mest sjást þrjú umför hleðslu í því. Grjótið í garðlaginu er



Mynd 3. Garðlag [3507-1], horft til suðausturs.

lábarið og steinarnir frekar nettir. Garðlagið endar við skurð til suðurs, en á fluglínmynd frá 1945 virðist garðlagið geta verið hluti af túngarði sem hefur verið raskað í seinni tíð. Hæð garðlagsins er um 10-70 cm og breidd þess um 0,5-1,2 m.

Staður

Í landi Staðar voru skráðar einar minjar [3507-4] auk þess sem áður skráðar minjar [3507-2] voru endurmetnar og ekki metnar sem minjar. Auk þeirra liggur vegur [3507-3] í gegnum jarðir Staðar og Brandagils og er hér skráður í fornleifaskrá undir Stað.

Staður-3507-2 [eldra númer: 2674-21]

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Árið 2021 var gerð fornleifaskráning á svæðinu vegna lagningar hitaveitu og ljósleiðara. Var þá skráð mógrafasvæði á milli nýja þjóðvegur og gamla vegar [3507-3], norðan Grjótár. Á svæðinu sjást ekki greinileg merki um mógrafir í dag, en þar er þó gömul mýri. Engar vísbendingar sjást um mógrafir á gömlum loftmyndum (1974, 1945) og því var tekin sú ákvörðun að afskrá áður skráðar minjar.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskráningu segir: „Mógrafasvæði er 20m austan við þjóðveginn og um 355m NV af íbúðarhúsinu á Smáragili. [...] Mógrafasvæðið er um 35 x 50m að utanmáli.“ (Brenda Prehal 2021: 17).


Staður og Brandagil-3507-3

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðhættir og lýsing

Austan þjóðvegur eru leifar eldri vegar í landi Brandagils og Staðar. Vegurinn var teiknaður upp í landupplýsingagöng af loftmynd frá 1974, um 960 m langur kafli. Hlutar vegarins eru vel greinanlegir á yfirborði enn í dag en hlutar þó horfnir vegna rasks. Vegurinn er að einhverju leyti enn notaður sem slóði og er um 3-4 m breiður að jafnaði þar sem hann er greinanlegur. Vegurinn er að einhverju leyti uppbyggður, en þó ekki hár. Á veginum er brú [3356-4]. Vegurinn sést á fluglínmynd frá 1945 en nákvæmur aldur hans er ekki þekktur. Vegur er á þessum sömu slóðum á Herforingjaráðskorti frá 1912 og má gera ráð fyrir að um sama veg, eða veg á sama stað, sé að ræða.



Mynd 4. Horft suður eftir vegi [3507-3] þar sem brú [3356-4] er.

Staður-3507-4

Hlutverk: Brú

Tegund: Mannvirki

Staðhættir og lýsing

Á vegi [3507-3] er brú yfir lækjarfarveg skammt suðaustur af spennistöð. Brúin er upphlaðinn jarðvegur með steypu ræsi undir. Ekki sést í eiginlegar hleðslur en hliðar eru alveg grónar. Ekki eru þó vísbendingar um grjóthleðslur. Hæð brúarinnar er um 1,5 m þar sem mest er og breidd er að 4 m. Óljóst er um nákvæman aldur en líklegt er að brú hafi verið á þessum stað á vegi [3356-3] eins lengi og hann hefur verið, líklega frá því fyrir 1912 miðað við Herforingjaráðskort. Þessi brú gæti þó verið yngri.



Mynd 5. Brú [3507-4], horft til VNV. Spennistöð í baksýn.

Heimildaskrá

Brenda Prehal. (2021). Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara og hitaveitu í Hrútafirði og á Heggastaðanesi. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2021/242.

Aðgengileg á: https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur_200-249/bsk-2021-242.pdf

Herforingjaráðskort. Málað 1912, útgefið 1914.

<https://islandskort.is/map/1141#?c=0&m=0&s=0&cv=67&r=0&xywh=-1820%2C0%2C10423%2C5712>

Loftmynd 1974. Loftmyndasjá Náttúrufræðistofnunar. Aðgengileg á:

<https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja>

Náttúrufræðistofnun 1945: AMS27_2-1_115 (tekin 17.09.1945). Aðgengileg á Loftmyndasjá Náttúrufræðistofnunar.

Ö-Brandagil: Helgi Guðmundsson. (e.d.). Örnefnaskrá Brandagils. Aðgengilegt á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/25032/pdf>

Ö-Staður: Helgi Guðmundsson. (e.d.). Örnefnaskrá Staðar. Aðgengilegt á: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/17854/pdf>

Óútgefnar heimildir

Minjavörður Norðurlands vestra, bréf dagsett 17.09.2025.

Heimildamenn

Eyjólfur Gunnarsson, Bálkastöðum 2. 10. október 2025.

Viðauki 1


Hættumat vegna framkvæmda

Í eftirfarandi töflu má sjá hættumat út frá áætlaðri strenglögn. Allar skráðar minjar teljast í hættu vegna nálægðar við framkvæmdina, en minjar [3507-1] og [3507-4] eru þó í óverulegri hættu. Einungis lítill hluti vegar [3507-3] er í teljandi hættu.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3507-1	Brandagil	Óþekkt, túngarður	Garðlag	Greinanlegar	12 m frá streng
3507-3	Staður, Brandagil	Leið	Vegur	Greinanlegar	Í strengleið að hluta
3507-4	Staður	Brú	Mannvirki	Greinanlegar	7 m frá streng

Viðauki 2

Yfirlitskort



Mynd 6. Yfirlitskort yfir skráningarsvæðið.